

Mál nr. 112/2012**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs L (söluaðila skotelda)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem varð við notkun skotelds 31.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.03. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir aðdraganda máls þessa.

M var að kveikja í stórrí skotertu þegar skot hljóp úr tertunni í auga hans með þeim afleiðingum að hann hlaut augnskaða sbr. fyrirliiggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann telur bótaskyldu fyrir hendi vegna ágalla á söluhlut L sbr. lög um skaðsemissábyrgð. Hann telur að söluvaran hafi verið “stórhættuleg”.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það vísar til þess að M hafi verið að nota “rísa skotertu” sem ber heitið “Örlygsstaðabardagi” hún mun vera með þeim stærstu sem seldar eru hjá L. Félagið telur ósannað að slysið verið rakið til skaðsemissábyrgðar eða sakar starfsmanna L eða aðildarfélaga hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem þessir aðilar beri skaðabótaábyrgð á. Krafa vegna skaðsemissábyrgðar verði ekki gerð ef ágallinn var ekki fyrir hendi þegar vörunni var dreift eða ef ekki var unnt að finna ágallann á grundvelli fræðilegrar eða tæknilegrar þekkingar sem vól var á þegar dreifingin fór fram. Sönnunarbyrði hvílir á M sjálfum í þessu tilviki enda þótt sú sönnunarbyrði sé eðli máls samkvæmt erfiðleikum bundin þegar um flugeldaslys er að ræða og leifar ekki varðveittar. Sönnunarbyrði verði ekki felld á söluaðila nema gallar hafi verið staðreyndir svo er ekki í þessu tilviki að álití félagsins. L hafi upplýst að engar kvartanir hafi borist vegna galla hvorki í umræddri skotertu eða í “seinkurum” en slíkar tertur hafi verið til sölu í allnokkur ár. Langflest slys hljótist af rangri meðferð flugeldanna. Ítarlegar leiðbeiningar eru fyrir hendi og öryggisreglum fylgt. Þá fylgi öllum flugeldum hlífðargleraugu án endurgjalds en M var ekki með slík gleraugu. Að álití félagsins er ekkert komið fram um að meiri líkur en minni séu á að slysið verði rakið til galla í tertunni eða að seinkari hafi verið gallaður eða vantað. Félagið telur ljóst að M hafi bogað yfir tertunni þegar hann kveikti í þræðinum án þess að nota hlífðargleraugu. Hvoru tveggja er í andstöðu við öryggisleiðbeiningar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliiggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að skotertan hafi verið gölluð eða að skilyrði ábyrgðar samkvæmt lögum um skaðsemissábyrgð nr. 125/1991 séu uppfyllt. Telja verður að M hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar í umrætt sinn.

Frásagnir aðila sem voru með M í umrætt sinn og yfirlýsing aðila, sem aflað var eftir að vátryggingafélagið hafnaði bótaskyldu, sem lýsir tilviki að því tagi sem hér er til umræðu, breytir ekki ofanritaðri niðurstöðu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. apríl 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.